

Tillaga að fyrirbæn:

Góði Guð,

Við þökkum þér fyrir að við eigum Biblíuna, þitt orð, og að ekkert hamlar okkur að lesa í hinni helgu bók. Við biðjum þig fyrir þeim mörgu um víða veröld sem ekki eiga þess kost að eignast Biblíu.

Sérstaklega viljum við fela þér fólkið á Kúbu -- um leið og við þökkum þér fyrir þrá svo margra þar í landi eftir þínu orði. Við biðjum þess að sífellt fleiri í landinu megi heyra um þig og festa trú á þig.

Því biðjum við þig að blessa og blómga allt starf að útbreiðslu þíns orðs á Kúbu, þannig að allir íbúar landsins sem þrá að eignast Biblíu fái ósk sína uppfyllta og megi tileinka sér boðskap hennar.

Við biðjum þig einnig fyrir samstarfi kirkna og allra kirkjudeilda í landinu.

Almáttugi faðir, lát þitt orð í æ ríkara mæli ná eyrum kúbönsku þjóðarinnar henni til farsældar og blessunar.

Við þökkum þér fyrir Hið íslenska biblíufélag og biðjum þig að blessa starf þess.